



Reykjavík, 14. október 2024

SFS24100108

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

TILLAGA

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingar á fyrirkomulagi biðlista í leikskóla

Skóla- og frístundaráð samþykkir að breyta fyrirkomulagi biðlista í leikskóla Reykjavíkur svo að umsókn barna verði ekki fjarlægð af biðlistum fyrir en leikskóladvöl þeirra er formlega hafin. Þá megi tryggja að öll þau börn sem geta ekki hafið leikskóladvöl vegna aðstæðna í leikskólanum þó þau hafi fengið úthlutað pláss haldi virkri umsókn á biðlista. Í núverandi fyrirkomulagi eiga þessi börn ekki möguleika á að komast inn í aðra leikskóla því umsókn þeirra fellur niður þegar þau fá samþykkt leikskólapláss, á sama tíma er ekki hægt að sækja um flutning fyrir en leikskóladvöl er formlega hafin.

Greinargerð:

Það er algengt í Reykjavík að börn sem hafa fengið samþykkt leikskólapláss geti í reynd ekki hafið leikskólagöngu vegna ástæðna sem varða leikskólann til dæmis mönnunarvanda, vankanta á húsnæði eða myglu. Þessi börn lenda á milli skips og bryggju því ekki er hægt að sækja um flutning milli leikskóla nema barnið sé sannarlega í leikskóla og þurfa þá að bíða næstu úthlutunar þó pláss kunni að vera annars staðar.



Reykjavík